

Ár 2013, fimmtudaginn 10. október kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Ninna Sif Svavarsdóttir, Hafþór Vilberg Björnsson í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar, Elínborg Ólafsdóttir í forföllum Guðmundar Þór Guðjónssonar, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Ninna Sif Svavarsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar bauð forseti Hafþór Vilberg Björnsson velkominn á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundagerðir.

###### 1.1. Bæjarráðs frá 19. september 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr. 2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá bókasafninu í Hveragerði.

Nr. 2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi.

Nr. 2.3. Reglur um notkun og greiðslur vegna farsíma fyrir starfsmenn Hveragerðisbæjar.

Nr. 3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ útboðs á sorphirðu í Hveragerði.

Nr. 3.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ 30 km hliða og upphækkaðra hellulagðra gangbrauta.

###### Bæjarráðs frá 1. október 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr. 2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ýmsir liðir.

Nr. 2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum.

Nr. 2.3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól.

Nr. 2.4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi.

Nr. 3.2. Minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði frá 30. september 2013.

###### 1.2. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 1. október 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr.1. Árhólmar í Ölfusdal, deiliskipulag og skipulagslýsing.

Nr.2. Hverhamrar, stækkun lóðar.

Nr.3. Lystigarðurinn Fosslöt, kaffihús.

Nr.5. Austumörk 5, stöðuleyfi fyrir gámum.

- 1.3. **Velferðarnefndar Árneshóla frá 25. september 2013.**
- 1.4. **Fræðslunefndar frá 7. október 2013.**
2. **Bréf frá Guðmundi Þór Guðjónssyni.**
3. **Kynning á skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar í Ölfusi frá 3. október 2013.**
4. **Þjónustusamningur við Listvinafélag Hveragerðis.**
5. **Þjónustusamningur við Myndlistarfélag Hveragerðis.**
6. **Fundargerðir til kynningar:**
  - 6.1. Bæjarstjórnar frá 12. september 2013.

Hér var gengið til dagskrár.

## 1. Fundargerðir;

### 1.1. Bæjarráðs frá 19. september 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Liður 2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá bókasafninu í Hveragerði afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 2.3. Reglur um notkun og greiðslur vegna farsíma fyrir starfsmenn Hveragerðisbæjar afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ útboðs á sorphirðu í Hveragerði afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 3.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ 30 km hliða og upphækkaðra hellulagðra gangbrauta afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### Bæjarráðs frá 1. október 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Liður 2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ýmsir liðir afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 2.3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 2.4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Liður 3.2. Minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði vegna húsnæðismála Skólasels afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Vegna liðar 3.1. „Drög að fundaplani bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 2013“ samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar hafa ákveðið að vinna sameiginlega að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 og er sú vinna þegar hafin. Með þessu móti teljum við að best verði unnið með hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það er ánægjulegt að samstarfið í bæjarstjórn er eins gott og raun ber vitni.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

#### **1.2. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 1. október 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Liður 1. Árhólmar í Ölfusdal, deiliskipulag og skipulagslýsing afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

Liður 2. Hverhamrar, stækkun lóðar afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

Liður 3. Lystigarðurinn Fossflöt, kaffihús afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

Liður 5. Austurmörk 5, stöðuleyfi fyrir gámum afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

#### **1.3. Velferðarnefndar Árnespings frá 25. september 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

#### **1.4. Fræðslunefndar frá 7. október 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

#### **2. Bréf frá Guðmundi Þór Guðjónssyni.**

Í bréfinu óskar Guðmundur Þór Guðjónsson eftir lausn frá störfum sem bæjarfulltrúi Hveragerðisbæjar af persónulegum ástæðum.

Bæjarstjórn þakkar Guðmundi Þóri vel unnin störf hjá Hveragerðisbæ og óskar honum

velfarnaðar í framtíðinni.

Sæti Guðmundar Þórs í bæjarstjórn tekur Elínborg Ólafsdóttir.

Forseti bar upp eftirfarandi tillögu vegna skipunar í nefndir og ráð:

Sæti Guðmundar í bæjarráði taki Eyþór H. Ólafsson en Elínborg Ólafsdóttir verði þar fyrsti varamaður, Aldís Hafsteinsdóttir verði annar varamaður. Í samræmi við nýjar samþykktir um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar er ennfremur lagt til að formaður bæjarráðs verði Unnur Þormóðsdóttir.

Fulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga verði Eyþór H. Ólafsson. Sæti annars varamanns tekur Elínborg Ólafsdóttir.

Fulltrúi á Ársþing SASS verði Elínborg Ólafsdóttir.

Fulltrúi í starfskjaranefnd verði Ninna Sif Svavarsdóttir.

Fulltrúi í stjórn Fasteignafélags Hveragerðis ehf verði Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Róbert Hlöðversson verði varamaður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 3. **Kynning á skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar í Ölfusi frá 3. október 2013.**

Lögð fram til kynningar skipulagslýsing vegna tengingar iðnaðarsvæða Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar og lagnaleið fyrir skiljuvatn frá Hellisheiðarvirkjun að sjó við Þorlákshöfn.

Enginn tók til máls.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við þá ferla sem hér eru kynntir og að unnið verði að breytingum á aðalskipulagi á grundvelli þeirrar skipulagslýsingar sem hér liggur fyrir. Fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur hafa kynnt fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir bæjarfulltrúum með ítarlegum hætti og gerir bæjarstjórn ekki athugasemdir við þau áform sem fyrirhuguð eru á þessu svæði. Bæjarstjórn vill þó ítreka fyrri sjónarmið um að ávallt séu umhverfismál höfð í fyrirrúmi og ekkert það gert sem getur haft ófyrirsjáanleg áhrif á lífsgæði í nærliggjandi byggðum. Bæjarstjórn áskilur sér allan rétt til að gera athugasemdir þegar endanleg tillaga að aðalskipulagsbreytingum liggur fyrir.

### 4. **Þjónustusamningur við Listvinafélag Hveragerðis.**

Lagður fram þjónustusamningur við Listvinafélag Hveragerðis.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn.

**5. Þjónustusamningur við Myndlistarfélag Hveragerðis.**

Lagður fram þjónustusamningur við Myndlistarfélag Hveragerðis.

Eftirtaldir tóku til máls: Elínborg Ólafsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn.

**6. Fundagerðir til kynningar;**

6.1. Bæjarstjórnar frá 12. september 2013.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)